

REGLUR

um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði árið 1994.

1. gr.

Á árinu 1994 er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að ráðstafa allt að 600 m.kr. sem sveitarfélög greiða Atvinnuleysistryggingasjóði á árinu, auk allt að 600 m.kr. af öðru ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 1994, til að styrkja sérstök verkefni á ábyrgð sveitarfélaga til að fjölga atvinnutækifærum í samræmi við reglur þessar.

Reglur þessar ná ekki til styrkja samkvæmt 37. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

2. gr.

Fjárhæð styrks skal vera jafnhá þeim atvinnuleysisbótum og lífeyrissjóðsgreiðslum, sem ella hefðu verið greiddar þeim einstaklingum sem falla af atvinnuleysisskrá vegna þátttöku í verkefninu, þó þannig að ef hlutaðeigandi einstaklingur á bótarétt á bilinu 25-50% þá greiðast hálfar bætur og fullar bætur ef hlutaðeigandi á bótarétt á bilinu 51-100%.

Annar kostnaður við verkefnið, sem umfram er, s.s. launakostnaður umfram atvinnuleysisbætur, þ.m.t. launatengd gjöld, efniskostnaður, stjórnunarkostnaður, kostnaður við eftirlit og umsýslu, skipulagningu og undirbúning, skal borinn af viðkomandi sveitarfélagi eða vera á ábyrgð þess.

3. gr.

Til að verkefni teljist styrkhæft þarf það að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Vera til að fjölga eða viðhalda atvinnutækifærum í sveitarfélaginu, við sem flestra hæfi.
2. Vera unnið á vegum sveitarfélags eða þriðja aðila. Ef verkefni er unnið á vegum þriðja aðila ber sveitarfélag ábyrgð á verkefninu með þeim hætti að það skal hafa eftirlit með að framkvæmd þess sé í samræmi við þær áætlanir sem þriðji aðili lagði fram.
3. Vera skýrt afmarkað og tímabundið. Verkefnið skal að jafnaði ekki ná yfir lengri tíma en sex mánuði.
4. Vera nýtt viðfangsefni eða verkefni umfram venjuleg umsvif. Ekki skal veita styrki úr sjóðnum til niðurgreiðslu á vinnuafli í fyrirtæki, sem er í hliðstæðum rekstri og önnur fyrirtæki í landinu þannig að um mismunun og röskun á samkeppnisstöðu verði að ræða. Hefðbundin viðfangsefni sveitarfélaga, s.s. gatna- og lóðahreinsun, gatna- og holræsalagnir eru ekki stykhæf nema um sérstakt tíma- og staðbundið átaksverkefni sé að ræða. Heimilt er að styrkja verkefni þar sem samþætt er fræðsla og vinna.
5. Nota vinnuafli á atvinnuleysisskrá í viðkomandi sveitarfélagi. Að jafnaði skulu þeir sem lengst hafa verið á atvinnuleysisskrá hafa forgang að starfi við verkefni. Þó getur sveitarfélag ákveðið verkefni með störfum fyrir tiltekna hópa atvinnulausra, þar sem tekið er tillit til félagslegra aðstæðna. Sömuleiðis er heimilt að víkja frá skilyrðinu um forgang eftir lengd atvinnuleysis ef um er að ræða verkefni sem krefjast sérhæfðs starfskrafts.

Verkefni við atvinnusköpun fyrir fólk, sem ekki á bótarétt úr Atvinnuleysistryggingasjóði eru ekki styrkhæf.

4. gr.

Heimilt er að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga, sem ætluð eru námsmönnum, einkum námsmönnum sem lokið hafa námi og komast ekki á vinnumarkað vegna atvinnuástands, ennfremur sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga sem ætluð eru fólki með skerta starfsorku.

Styrkur vegna slíkra verkefna skal vera jafnhár þeim atvinnuleysisbótum, sem hlutaðeigandi á að viðbættu barnaálagi og lífeyrissjóðsgreiðslu sbr. þó 2. gr.

5. gr.

Heimilt er að styrkja atvinnulausa einstaklinga til að hleypa af stokkunum eigin viðskiptahugmynd með þeim hætti að þeir haldi atvinnuleysisbótum í 6 mánuði meðan látið er á það reyna að hugmyndin sé framkvæmanleg, enda sé hugmyndin eða starfsemin ekki í beinni samkeppni við annan atvinnurekstur.

6. gr.

Við mat á umsóknum skal stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs veita forgang umsóknum frá sveitarfélögum þar sem atvinnuleysi er alvarlegast.

7. gr.

Sveitarfélög sem hyggjast sækja um styrk samkvæmt reglum þessum skulu senda stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs umsókn þar að lútandi. Með umsókn skulu fylgja nákvæmar upplýsingar um verkefnið s.s. kostnað við það, framkvæmdaaðila, áhrif þess á atvinnuástand í sveitarfélaginu ásamt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 1993 og 1994. Jafnframt skulu fylgja nýjustu upplýsingar um atvinnuleysi í sveitarfélaginu samkvæmt atvinnuleysissskráningu.

8. gr.

Á árinu 1994 skal einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga taka sæti í stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs.

Kostnaður vegna fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs greiðist af Atvinnuleysisstryggingasjóði.

9. gr.

Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs skal hraða umfjöllun og afgreiðslu styrkumsókna svo sem kostur er. Telji stjórnin frekari upplýsinga þörf skal viðkomandi sveitarstjórn gert viðvart án tafar og tímafrestur gefinn til að skila viðbótarupplýsingum.

Afgreiðslu stjórnar Atvinnuleysisstryggingasjóðs skal að jafnaði lokið tveimur vikum eftir að fullnægjandi umsókn hefur borist stjórninni.

10. gr.

Þegar stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs hefur fjallað um og afgreitt umsóknir af sinni hálfu skal hún leggja tillögu sína um afgreiðslu umsóknar fyrir félagsmálaráðherra.

Þess skal freistað að ná samstöðu innan stjórnarinnar um afgreiðslu umsóknar.

Nú verður ágreiningur í stjórninni um afgreiðslu umsóknar og skal þá gerð grein fyrir ágreiningnum í tillögunni til ráðherra um afgreiðslu umsóknar og hvernig atkvæði féllu.

Félagsmálaráðherra skal að jafnaði innan viku frá því að tillaga um afgreiðslu barst frá stjórninni staðfesta tillöguna eða hafna henni.

11. gr.

Eftir að verkefni hefst, sem stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur samþykkt og félagsmálaráðherra staðfest skal Atvinnuleysistryggingasjóður greiða styrkfjárhæð með föstum mánaðarlegum greiðslum eftirá þann tíma sem verkefnið stendur yfir. Heimilt er að helmingur styrks, miðað við áætlaðan fjölda fólks af atvinnuleysisskrá við hvert verkefni, verði greiddur, þegar upphaflegur listi yfir ráðningar liggur fyrir og verkefnið er hafið. Uppgjör fari síðan fram við lok hvers verkefnis á grundvelli lista yfir nöfn og starfstíma þeirra, sem ráðnir voru af atvinnuleysisskrá meðan á verkefninu stóð.

12. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal fylgjast með því að verkefni, sem styrkt er samkvæmt reglum þessum sé framkvæmt með þeim hætti sem ráðgert var.

Komi í ljós að framkvæmd verkefnis sé á einhvern hátt ekki í samræmi við upplýsingar er stjórn sjóðsins heimilt að stöðva greiðslu styrksins.

13. gr.

Kostnaður við verkefni skal færður sérstaklega og honum haldið aðskildum frá öðrum kostnaði hjá viðkomandi sveitarfélagi eða þeim aðila sem annast framkvæmd verksins á ábyrgð sveitarfélagsins.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að óska eftir því að Ríkisendurskoðun endurskoði bókhald þeirra verkefna sem unnin eru með styrk samkvæmt reglum þessum.

14. gr.

Innan fjögurra vikna frá því að verkefni lýkur skal sveitarfélag senda stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs greinargerð um verkefnið. Þar skal sérstaklega láta koma fram áhrif verkefna á atvinnuástand í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í 17. gr. laga nr. 127/1993 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993 öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.